
FUNDARGERÐ

Fundur: 97. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Miðvikudagur 17. nóvember 2010, kl. 13:00-14:30
Fundarstaður: Landsnet, Gylfaflöt 9
Fundarefni: 1) Staða skráningar.
2) Áætlun ársins 2011.
3) Kostnaður vegna skorts, stóriðja.
4) Vefútgáfa skráningarkerfisins.
5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START: Ragnar Stefánsson
Rúnar Svavar Svavarsson
Ragnar Emilsson
Ívar Þorsteinsson
Egill Sigmundsson
Kjartan Rolf Árnason
Gunnar Haukur Gunnarsson
Efla: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson
Landsnet: Páll Magnússon
Fjarverandi: Sigfús Guðlaugsson

- 1) Skráning truflana er í góðu horfi hjá öllum veitunum og engin vandamál í gangi. Í Þ benti á að gott væri að fá upplýsingar um fjölda notenda inn í skýrslu um stuðla um afhendingu raforkunotkunar.
- 2) JV fór yfir áætlun um starfið á árinu 2011 og rauntölur um vinnu ársins 2010 sem eru verulega undir áætlun ársins. Engar athugasemdir komu við áætlunina. JV mun senda hana á fundarmenn sem koma með athugasemdir í kjölfarið.
- 3) JV sagðist ekki hafa fengið frekari gögn frá stóriðjufyrirtækjum varðandi kostnað vegna skorts. Ákveðið var að ganga frá skýrslu ársins þó svo að þessi gögn séu ekki komin.
- 4) Rætt var um vefútgáfu skráningarkerfisins og sagði JV að kerfið hafi verið sett upp hjá OR en eftir væri að fara yfir það með starfsmönnum og gera smávægilegar

lagfæringar. ER sagðist vera að kanna að nota DMM fyrir skráningu eininga og þá væntanlega einnig fyrir skráningu truflana. GHG sagðist einnig vera að nota DMM kerfið en ekki fyrir truflanaskráningu.

- 5) RE benti á að fundir hefðu að mestu verið hjá Landsneti að undanfögnu en áður fyrir hefðu þeir farið á milli fyrirtækja. JV benti á að ekki hafi verið haldinn fundur á Akureyri og verður stefnt að því á næsta ári. KRA nefndi að við stórar truflanir hjá Landsneti yrði það mikil skerðing hjá dreifiveitum að þær ættu að senda skýrslu til Orkustofnunar skv. skilgreiningum stofnunarinnar. Hann spurði hvort ekki væri nægjanlegt að Landsnet gerði það. ÍP ætlar að skoða þetta mál. ÍP benti á að líklega væri eðlilegt að skipta markaðinum hjá Landsneti í tvennt þegar verið er að meta truflanir. Nokkur umræða varð síðan um útleysingar og liðavernd.

JV sagði að mikið væri að gera hjá sér og lagði því til að Ingvar Baldursson tæki við af sér til að hafa umsjón með vinnu fyrir START hópinn en JV sagðist áfram vera til taks ef á þyrfti að halda. Þessi tilhögun var samþykkt.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2011. Verkefnishandbók. Drög 1
- Tölur um vinnu fyrir START hópinn á árinu 2010.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
ÍP	Skilgreining á langri rekstrartruflun sem senda þarf Orkustofnun skýrslu um.
JV	Ganga frá nýrri skýrslu um kostnað vegna skorts.
JV	Skipt tölfræði í tvennt eftir því hvort truflanir standa innan við 3 mínútur eða lengur.
ÍP	Breyta eyðublöðum um stuðla sem senda á Orkustofnun þannig að fram komi skipting við 3 mínútur
JV	Setja fjölda notenda inn í skýrslu um stuðla.

